

Senda allt til
menntamálaráðgjafa
Alþingis



Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Áb.: R-1
- 8. JÚNÍ 2010
Tilv.: MMR 10010027
Db.: 3.9

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra
Sölvhólsgrötu 4
150 Reykjavík


Alþingi
Erindi nr. P 138/2821
komudagur 15.6.2010

Reykjavík 7. júní 2010

Frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972

Arkitektafélag Íslands gerir athugasemd við að hafa ekki fengið til umsagnar frumvarp til höfundalaga í ljósi þess að arkitektar starfa undir höfundarlögum.

Virðingarfyllt,
f.h. Arkitektafélags Íslands


Helga Guðjónsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 138/2220
komudagur 12. 5. 2010



Lágmúli 7, 5. hæð
108 Reykjavík
Sími: 588 4400
Fax: 588 4410
juris@juris.is
www.juris.is

Menntamálanefnd Alþingis
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. maí 2010.

Efni: Umsögn Árvakurs hf./Morgunblaðsins („Morgunblaðið“) um frumvarp til breytinga á höfundalögum nr. 73/1972; þskj. nr. 912 – 523. mál.

Vísað er til tölvupóstar menntamálanefndar Alþingis til Morgunblaðsins, dags. 3. maí sl., en með tölvupóstinum var sent frumvarp til laga um breyting á höfundalögum (EES-reglur, takmarkanir á höfundarétti, o.fl.). Í nefndum tölvupósti var Morgunblaðinu gefinn kostur á að lýsa afstöðu sinni til efnisatriða frumvarpsins og skyldi umsögn blaðsins vera send menntamálanefnd fyrir 17. maí nk. Morgunblaðið hefur falið Juris almennu lögfræðistofunni að semja umsögn við ofangreint lagafrumvarp.

Þau frumvarpsdrög, sem menntamálanefnd hefur sent hagsmunaaðilum til umsagnar, varða ekki einungis starfsemi Morgunblaðsins í núverandi mynd, heldur ennfremur starfsemi blaðsins þegar til framtíðar er litið. Hér á eftir verður fjallað um afstöðu blaðsins til einstakra efnisatriða frumvarpsins, auk þess sem bent er á nokkur álitafni sem nauðsynlegt er að skoða nánar.

1. Um 1. gr. frumvarpsins (breyting á 12. gr. höfundalaga nr. 73/1972)

Morgunblaðið tekur undir athugasemdir í greinargerð að rétt sé að binda í lög heimild fyrir opinber söfn til að gera eintök af höfundaréttarvörðu efni í stað þess að slík heimild byggist á reglugerðarheimild ráðherra skv. núgildandi lögum, þótt sú heimild hafi ekki enn verið nýtt.

Aftur á móti er nauðsynlegt að benda á mikilvægi þess að þessi heimild sé skilyrt þannig að hún takmarkist við notkun í starfsemi safnanna og að eintakagerðin sé ekki gerð í fjárhagslegum tilgangi. Ennfremur er mikilvægt að þeim sjónarmiðum, sem lýst er í athugasemdum í greinargerð sé fylgt í framkvæmd en þau mæla fyrir um að útlán rafræna eintaka skuli ekki heimil, heldur skuli eintök einungis lánuð út í hliðrænu formi, svo sem í formi ljósríta eða útprents.

Að mati Morgunblaðsins er sú leið, sem farin er í núverandi útgáfu frumvarpsins, skynsamleg og til þess fallin að gæta hagsmuna opinberra safna og rétthafa höfundaréttarvarins efnis.

2. Um 2. gr. frumvarpsins (innleiðing á 12. gr. a höfundalaga nr. 73/1972)

Morgunblaðið tekur undir þá afstöðu sem birtist í frumvarpinu, nánar tiltekið í hinu nýja ákvæði 12. gr. a, að nauðsynlegt sé að veita opinberum söfnum heimild til að veita einstaklingum sem stundi rannsóknir eða nám aðgang að höfundaréttarvörðu efni. Að mati Morgunblaðsins er ákvæði 12. gr. a hins vegar ófullnægjandi að teknu tilliti til tilskipunar Evrópusambandsins og leggur blaðið því til að breyting verði gerð á ákvæðinu.

Um margra ára skeið hafa gömul eintök af Morgunblaðinu verið geymd á bókasöfnum, einkum Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, í þeim tilgangi að þau hafi getað staðið safnagestum til boða í rannsóknatilgangi eða til einkanota. Morgunblaðið gerði sér snemma grein fyrir þeirri þörf að hentugt væri að stafræn eintök væru líka geymd á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni og hóf blaðið því samstarf við safnið með það að markmiði að gera stafræn eintök aðgengileg almenningi.

Í sérstökum leyfissamningi milli Morgunblaðsins og safnsins frá 2003 var öllum þeim sem hafa aðgang að Internetinu frá íslenskum netveitum veittur landsaðgangur að greinasafni Morgunblaðsins frá upphafi útgáfu þess að undanskildu síðustu þremur árunum fyrir undirritun samningsins. Þessi leyfissamningur er enn í gildi og er því leitarvél greinasafns Morgunblaðsins frá 1913-2007 aðgengileg notendum safnsins með stafrænum hætti.

Það er afstaða Morgunblaðsins að efni 12. gr. a í núverandi mynd sé of víðtækt að teknu tilliti til texta n-liðar 3. mgr. 5. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 2001/29 frá 22. maí 2001, en sá staflíður er fyrirmynd nefnds ákvæðis. Þannig tiltekur n-liður 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar að heimildin takmarkist við verk sem ekki séu háð kaup- eða leyfissamningum opinbers safns við þriðja aðila. Þennan hluta ákvæðisins er hins vegar ekki að finna í núverandi útgáfu frumvarpsins.

Eins og fyrir segir er landsaðgangur að greinasafni Morgunblaðsins byggður á sérstökum samningi milli Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Morgunblaðsins. Því fellur samningurinn undir ofangreint ákvæði, enda verður fyrnefndur samningur talinn vera „leyfissamningur“ í skilningi n-liðar 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2001/29.

Með vísan til framangreinds leggur Morgunblaðið til að 12. gr. a verði breytt með eftirfarandi hætti (undirstrikun merkir viðbót):

„Þeim stofnunum sem tilgreindar eru í 1. mgr. 12. gr. er heimilt að veita einstaklingum aðgang í rannsóknarskygni eða vegna náms að birtum verkum, sem

ekki eru háð kaup- eða leyfissamningum, á þar til gerðum búnaði til notkunar á athafnasvæði þeirra.“

Það er mat Morgunblaðsins að með ofangreindri breytingu náist frekara samræmi við fyrrnefnda tilskipun og ákvæðis 12. gr. a. Ef ákvæðinu verður ekki breytt á ofangreindan hátt gæti það leitt til þess að ofangreint samstarf milli Morgunblaðsins og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns þurfi að koma til endurskoðunar. Það getur varla verið tilgangur löggjafans að ætlast til þess að framangreindur aðgangur sé veittur endurgjaldslaust.

3. Um 9. gr. frumvarpsins (innleiðing á 53. gr. a höfundalaga nr. 73/1972)

Morgunblaðið gerir ekki athugasemd við þessa grein sérstaklega, en telur hins vegar ástæðu til að lýsa afstöðu sinni til sjónarmiða í greinargerð sem varða bréf framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins til Danmerkur vegna innleiðingar þjónustutilskipunar 2006/123/EB frá 11. desember 2006. Eftir lýsingu á efni nefnds bréfs, einkum samlíkingar framkvæmdastjórnarinnar á milli dagblaða eða netþjónustuaðila og innheimtubjónustu höfundaréttarfélaga, segir í greinargerðinni:

„Samlíking framkvæmdastjórnar ESB á milli dagblaða eða netþjónustuaðila og innheimtubjónustu höfundaréttarfélaga er ekki að öllu leyti viðeigandi. Höfundaréttarfélögin fá yfirfærðan til sín frá rétthöfum réttinn til að koma fram og semja um endurgjald í þeirra nafni. Rétthafarnir hafa ekki lengur ráðstöfunarrétt yfir eigin verkum að gerðum slíkum samningum við höfundaréttarfélögin. Höfundaréttarsamtökin koma fram í nafni rétthafanna og gera samninga við efnisframleiðendur, eins og dagblöð og netþjónustuaðila, um notkun verka og fara með réttinn til endurgjalds, innheimta endurgjald og skila því til rétthafanna.“

Morgunblaðið er ekki sammála ofangreindri afstöðu frumvarpshöfunda til umfjöllunar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Þau sjónarmið sem lýst er, einkum „[h]öfundaréttarfélögin fá yfirfærðan til sín frá rétthöfum réttinn til að koma fram og semja um endurgjald í þeirra nafni. Rétthafarnir hafa ekki lengur ráðstöfunarrétt yfir eigin verkum...“, eiga jafnt við um fjölmiðlafyrirtæki og höfundaréttarfélög. Morgunblaðið telur ástæðuna fyrir þessum misskilningi vera, að íslenskur fjölmiðlamarkaður er ekki eins þróaður eins og erlendir fjölmiðlamarkaðir. Í Bandaríkjunum og Evrópu er samstarf höfunda og útgefenda mun nánara heldur en á Íslandi. Þannig eru það ekki eingöngu höfundaréttarsamtök sem koma fram í nafni rétthafanna og gera samninga við efnisframleiðendur, líkt og haldið er fram í frumvarpinu, heldur eru það samtök höfunda og útgefenda (efnisframleiðenda), eða í einstökum tilvikum efnisframleiðendur sjálfir. Sem dæmi um samtök höfunda og útgefenda má vísa til Copyright Clearance Center í Bandaríkjunum (www.copyright.com), en þau samtök gegna veigamiklu hlutverki hvað varðar réttindavörslu erlendra dagblaða, en þar er ekki um að ræða höfundaréttarsamtök höfunda eingöngu, heldur samtök höfunda og útgefenda. Sem dæmi um hagsmunagæslu efnisframleiðenda sjálfra má vísa til þýska tímaritsins Der Spiegel

(www.spiegel.de), en tímaritið innheimtir sérstakt leyfisgjald vegna notkunar þriðju aðila á efni blaðsins í Þýskalandi. Með vísan til þessa á samlíking framkvæmdastjórnarinnar því rétt á sér að teknu tilliti til þess erlenda fjölmiðlaumhverfis sem bréfið varðar.

4. Um 11. gr. frumvarpsins (innleiðing á 55. gr. höfundalaga nr. 73/1972)

Í 11. gr. frumvarpsins er lagt til að tekin verði upp regla sem geri dómstólum kleift að ákveða í dómi að ólögleg eintök af höfundaréttarvörðu verki skuli afhent brotþola, eyðilögð, fjarlægð af markaði eða tekin úr dreifingu eða gerð á annan hátt óhæf til hinna ólöglegu nota.

Morgunblaðið telur þetta ákvæði frumvarpsdraganna fela í sér mikla réttarbót hvað varðar úrval réttarfarsúrræða sem standa réttihöfum höfundaréttar til boða vegna höfundaréttarbrot. Að mati Morgunblaðsins er þetta ákvæði nauðsynleg viðbót við þau úrræði sem þegar hafa verið til staðar í íslenskum rétti, einkum til að varna frekari réttarbrotum og koma á lögmætu ástandi eftir að réttarbrot hafa átt sér stað.

5. Um 12. gr. frumvarpsins (innleiðing á 56. gr. höfundalaga nr. 73/1972)

Morgunblaðið fagnar því að ákvæði um bótafjárhæðir vegna höfundaréttarbrotu verði fest í lög enda tryggir það ekki einungis aukinn rétt handa réttihöfum höfundaverka, heldur eykur það líkur á samræmdri réttarframkvæmd.

Morgunblaðið bendir hins vegar á að þörf er á því að ganga lengra en gert er í núverandi útgáfu frumvarpsins, einkum hvað varðar þann hluta ákvæðisins sem lýtur að heimild dómara til að ákveða bætur „að álitum“. Með vísan til þessa leggur Morgunblaðið til að 2. mgr. 12. gr. verði breytt með eftirfarandi hætti (undirstrikun merkir viðbót):

Við ákvörðun bóta skv. 1. mgr. skal ekki eingöngu miðað við það beina fjárhagstjóns sem höfundur eða annar rétthafi hefur orðið fyrir, heldur ber auk þess að líta til þess fjárhagslega hagnaðar sem hinn brotlegi hefur haft af brotinu. Verði ekki færðar sönnur á tjón brotþola eða hagnað hins brotlega skal ákveða bætur að álitum hverju sinni. Dæmdar bætur skulu að jafnaði ekki vera lægri en sem nemur tvöföldu endurgjaldi fyrir lögmæt not þess höfundaverks sem brotið varðar.

Rökin fyrir þessari afstöðu Morgunblaðsins eru þau að í réttarframkvæmd hefur þess oft gætt að dómendur hafa haft lítinn skilning á umfangi tjóns rétthafa höfundaréttarverka vegna höfundaréttarbrotu. Að mati Morgunblaðsins er því ástæða til að lögfesta tiltekið lágmark byggt á sömu sjónarmiðum og fram koma í greinargerð með frumvarpsdrögunum. Morgunblaðið leggur því til að mælt sé fyrir um með skýrum hætti að bætur skuli ákveðnar að álitum, en þær skuli þó ekki vera

lægri en sem nemi tvöföldu endurgjaldi fyrir lögmæt not þess höfundaverks sem málið varði.

6. Um 13. gr. frumvarpsins (innleiðing á 59. gr. a höfundalaga nr. 73/1972)

Morgunblaðið lýsir yfir ánægju með það réttarræði sem lýst er í 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins og lýtur að heimild til að krefjast lögbanns við athöfnum milliliða. Að mati blaðsins gerir Internetið einstaklingum og öðrum aðilum kleift að brjóta gegn höfundarétti á fleiri vegu en áður. Af þeim sökum er nauðsynlegt og eðlilegt að rétthafar höfundaverka njóti fleiri valmöguleika við að sporna gegn höfundaréttarbrotum. Lögbann við athöfnum milliliða er eitt slíkra úrræða og er ástæða til að fagna innleiðingu þess í íslenskan rétt.

7. Niðurlag

Morgunblaðinu er ljóst að það frumvarp sem umsögn þessi varðar kann að breytast við þinglega meðferð á Alþingi. Af þeim sökum býðst undirritaður til að gera grein fyrir ofangreindum atriðum nánar á síðari stigum.

Að síðustu skal áréttað, að þótt í umsögn þessari sé bent á atriði, sem Morgunblaðið telur að betur megi fara í fyrirliggjandi frumvarpi, er það mat blaðsins að um vandaða lagasmíð sé að ræða.

Að öðru leyti gerir Morgunblaðið ekki athugasemdir við efni ofangreinds frumvarps að svo komnu máli.

Virðingarfyllt



Sigurbjörn Magnússon hrl.

Alþingi
Erindi nr. P 138/2320
komudagur 17.5.2010

Menntamálanefnd Alþingis

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum, nr.73/1972, með síðari breytingum. (Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010.)

Reykjavík, 17. maí 2010

Blindrabókasafn Íslands hefur fengið í hendur frumvarp til laga um breytingar á höfundalögum Þskj. 912 – 523. mál.

Blindrabókasafn Íslands fagnar sérstaklega þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru á 19. grein laganna en vill þó gera eftirfarandi athugasemdir:

Í **19. gr.** er tekið fram að höfundar eigi rétt á sanngjörnum bótum vegna hljóðupptöku af bókmenntaverkum sem gerð er til þess að þeir, sem ekki geta nýtt sér prentað mál til lestrar, geti lesið þau. Hljóðupptökur þessar eru eingöngu ætlaðar til útlána fyrir leshamlaða.

Vegna ákvæðis um sanngjarnar bætur var gerður sérstakur samningur milli Mennta- og menningarmálaráðuneytis f.h. Blindrabókasafns og Rithöfundasambands Íslands. Afar erfitt er að ákvarða hvað teljist sanngjarnar bætur í þessu tilfalli. Skoðun Blindrabókasafns er sú að ekki sé rétt að greiða sérstakar bætur þegar um er að ræða að veita blindum, sjónskertum og öðrum, sem ekki geta nýtt sér hefðbundið letur, sjálfsgöðan aðgang að efninu. Taka skal fram að enginn fjárhagslegur ávinningur ef af framleiðslu hljóðbókanna á Blindrabókasafni Íslands heldur er hér fyrst og fremst verið að hlúa að mannréttindum þessa hóps.

Blindrabókasafnið telur sanngjarnt að greiðslur fyrir útlán og afnot af hljóðbókum safnsins komi beint frá ríkinu en ekki af fjárveitingu Blindrabókasafns Íslands eins og nú er. Ekkert annað bókasafn á Íslandi þarf að greiða sérstaklega fyrir að auðvelda notendum sínum sjálfsgöðan aðgangi að lesefni. Lagt er til að ef ákvæði um sérstakar bætur heldur sér í 19. grein verði bætt við ákvæði sem felur í sér að þessar bætur komi úr Bókmenntasjóði eins og gerist með útlán á öðrum bókasöfnum. Í lögum nr. 91 28. mars 2007 um Bókmenntasjóð eru ákvæði um greiðslur ríkisins til höfunda fyrir útlán bóka þeirra á bókasöfnum og segir m.a. í III. kafla 4. grein: „Höfundar [...] eiga rétt á greiðslum fyrir notkun bóka þeirra á bókasöfnum, sem eru rekin á kostnað ríkissjóðs eða sveitarfélaga, af árlegri fjárveitingu Alþingis fyrir afnot á bókasöfnum. [...] Fyrir afnot hljóðrita og stafræns útgefins efnis er úthlutað á sama hátt.“

Í lögum um Blindrabókasafn Íslands eru ákvæði um samninga um greiðslur þess til Rithöfundasambands Íslands en í núgildandi samningum er Blindrabókasafninu gert að greiða Rithöfundasambandinu ákveðið gjald fyrir hvert eintak sem hljóðritað er og dreift til lánþega, auk almenns afnotagjalds, en safnið ber að auki ærinn kostnað af því að framleiða eintökin. Blindrabókasafnið telur að þessi gjöld geti valdið því að lánþegar þess sitji ekki við sama borð og aðrir þar sem safnið notar drjúgan hluta takmarkaðrar fjárveitingar sinnar til að greiða framleiðslu og afnotagjöld af hverjum titli en dregur úr framboði titla í samræmi við það.

Virðingarfyllst,

f.h. Blindrabókasafns Íslands

Þóra Sigríður Ingólfssdóttir, forstöðumaður.

Þóra Sigríður Ingólfssdóttir



Bókasafn Reykjanesbæjar

heilsulind hugans

Hafnargötu 57, 230 Reykjanesbæ, sími 421 6770

Alþingi
Erindi nr. P 138/2420
komudagur 18.5.2010

Reykjanesbær 17. maí 2010

Skjalaskráning nefndasviðs Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á, 523. mál.

Almenningsbókasöfn eiga fulltrúa í höfundarréttarhópi Upplýsingar sem hefur fjallað um þetta frumvarp á ýmsum vinnslustigum. Undirrituð tekur undir athugasemdir hópsins og hefur ekkert við þær að bæta.

Með kveðju

Hulda Björk Þorkelsdóttir
forstöðumaður
Bókasafn Reykjanesbæjar
Kjarni, Hafnargata 57
230 Reykjanesbær.

FÉLAG UM SKJALASTJÓRN
www.irma.is

Alþingi
Erindi nr. P 138/2366
komudagur 18.5.2010

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík 14. maí 2010

Efni: Frumvarp til laga um breyting á höfundalögum (EES-reglur, takmarkanir á höfundarétti o.fl.), 523. mál.

Félag um skjalastjórn hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar. Félagið hefur engar athugasemdir við frumvarp þetta.

Virðingarfyllst,

f.h. Félags um skjalastjórn


Dagrún Arnadóttir
gjaldkeri

Alþingi
Erindi nr. P /38/232/
komudagur 17. 5. 2010

Félag um stafrænt frelsi á Íslandi
<http://www.fsfi.is/>

Reykjavík, 17. maí 2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Félag um stafrænt frelsi á Íslandi (FSFÍ) hefur fengið sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum (523. þingmál). FSFÍ hefur áður fjallað um drög að fyrirbyggjandi frumvarpi og meðal annars fengið tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við höfundaréttarnefnd. Athugasemdir sem félagið sendi höfundaréttarnefnd í desember síðastliðnum má finna á <http://www.fsfi.is/skjol/>. Í þeirri gerð frumvarpsins sem nú liggur fyrir er komið til móts við þessar athugasemdir félagsins að ýmsu leyti. Eftir sem áður telur félagið ástæðu til að koma eftirfarandi sjónarmiðum sínum á framfæri við menntamálanefnd:

FSFÍ tekur ekki afstöðu til annarra greina frumvarpsins en 11., 12. og 13. greina þess. Að mati félagsins felast í þessum greinum tillögur sem þrengja að stafrænu frelsi verði frumvarpið að lögum. FSFÍ leggur ríka áherslu á að breytingar á lögum sem þrengja að stafrænu frelsi séu vandlega ígrundaðar þannig að ekki sé gengið lengra í skerðingu stafræns frelsis en nauðsyn beri til hverju sinni.

Í 55. gr. núgildandi höfundalaga er mælt fyrir um heimild til að gera upptæk eða láta ónýta ólögleg eintök verka og prentmót, prentsteypu, myndamót og þess háttar muni sem varða undirbúning eða framkvæmd brots gegn lögnum eða eru sérstaklega fallnir til slíks. Í 11. gr. fyrirbyggjandi frumvarps er lagt til að heimild 55. gr. til upptöku og ónýtingar muna verði rýmkuð. Lagt er til að kostnaður vegna ráðstafana á grundvelli ákvæðisins verði lagður á brotamann fremur en brotþola og að orðalagi þess verði breytt þannig að lýsing á þeim munum sem ákvæðið tekur til verði almennari og því víðtækari. Loks er lagt til að þær takmarkanir á beitingu heimildarinnar sem greinir í 3. og 4. mgr. 55. gr. verði felldar brott. Ljóst er að tillögur 11. gr. frumvarpsins fela í sér heimildir til verulegra inngripa í stjórnarskrárvarinn eignarrétt þeirra sem slíkum heimildum er beitt gegn. Í því sambandi er mikilvægt að hafa í huga að þeirra muna sem heimildin tekur til kann að hafa verið aflað með löglegum hætti og eigandi þeirra kann að vera annar en brotamaður.

Í 13. gr. frumvarpsins er lagt til að möguleikar löggiltra höfundaréttarsamtaka til að fá lagt lögbann

við flutningi og öðrum notum verka sem löggilding þeirra nær til verði auknir þannig að slíkum samtökum verði gert kleift að fá lagt almennt lögbann við flutningi eða notum allra verka sem falla undir löggildingu samtakanna án tillits til afstöðu þeirra sem höfundarrétt eiga að þeim verkum sem í hlut eiga. Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu leiðir samspil lokamálsliðar 1. mgr. 8. gr. nógildandi höfundalaga og fyrirhugaðrar 1. mgr. 59. gr. a til þess að við fyrirtöku lögbannskröfu á grundvelli síðarnefnda ákvæðisins myndi sönnunarbyrði þess að sú starfsemi sem lögbannskrafan beindist að fæli ekki í sér brot gegn höfundarrétti hvíla á gerðarþola. Í heimild til að fá lagt almennt lögbann á allan flutning og önnur not allra verka sem löggilding tiltekinna höfundarréttarsamtaka nær til felst ótvírætt inngríp í tjáningarfrelsi þess sem kröfu um slíkt lögbann er beint að. Í því sambandi ber að hafa í huga að heimild til þess að krefjast lögbanns sem tekur til ótilgreinds mengis verka þar sem sönnunarbyrði er lögð á gerðarþola getur þrengt að tjáningarfrelsi í reynd óháð því hvort og að hvaða marki slíkar kröfur eru settar fram eða orðið við þeim.


Samkvæmt framansögðu fela tillögur frumvarpsins meðal annars í sér heimildir til skerðingar mannréttinda. Þannig er lagt til í 11. gr. frumvarpsins að heimild 55. gr. nógildandi höfundalaga til eignaupptöku verði rýmkuð og í 13. gr. þess lagt til að möguleikar höfundarréttarsamtaka til að krefjast lögbanns gegn flutningi og notum verka verði auknir. Í slíkum þvingunarráðstöfunum felst eðli málsins samkvæmt að mannréttindi þeirra sem ráðstafanirnar beinast að eru skert. FSFÍ telur jafnframt ljóst að með slíkum ráðstöfunum sé þrengt að stafrænu frelsi, enda eru þau mannréttindi sem um ræðir meðal þeirra forsendna sem slíkt frelsi byggist á.

Óumdeilt er að mannréttindi ber ekki að skerða nema brýnir hagsmunir krefjist og þá aðeins að því marki sem nauðsynlegt er til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Tillögur sem fela í sér skerðingu mannréttinda kalla á vandaðan undirbúning og ítarlegan rökstuðning þar sem sýnt er fram á nauðsyn slíkrar skerðingar. Að mati FSFÍ hefur fyrirbyggjandi frumvarp ekki að geyma rökstuðning af því tagi sem óhjákvæmilegt er að leggja til grundvallar skerðingu mannréttinda. Skortir þannig á að mati félagsins að í frumvarpinu sé tekin nægilega skýr afstaða til þeirra álitafna sem rísa þegar mat er lagt á það hvort og að hvaða marki réttlæt看legt sé að skerða mannréttindi borgaranna og stafrænt frelsi í þágu þeirra hagsmuna sem höfundalögum er ætlað að standa vörð um. Af þeim sökum telur félagið sig ekki hafa nægilegar forsendur að svo stöddu til að geta tekið afstöðu til þess hvort þær takmarkanir á stafrænu frelsi sem felast í frumvarpinu séu réttlæt看legar.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að það sé liður í fyrirhugaðri heildarendurskoðun höfundalaga. Í ljósi þeirrar fyrirætlunar að taka höfundalög til heildstæðrar endurskoðunar, og með hliðsjón af því sem að framan er rakið, telur FSFÍ eðlilegast að þeim breytingum á höfundalögum sem felast í fyrirbyggjandi frumvarpi verði slegið á frest og þess í stað hafist handa við heildarend-

urskoðun höfundalaga sem taki einnig til þeirra atriða sem fjallað er um í fyrirleggjandi frumvarpi. Jafnframt telur félagið mikilvægt að við slíka endurskoðun verði gætt vandlega að því að skerðing á mannréttindum og stafrænu frelsi í þágu réttarverndar höfundarréttar byggist á traustum rökum og gangi ekki lengra en nauðsyn krefur.

Virðingarfyllt, f.h. FSFÍ,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Flóki Ásgeirsson', written in a cursive style.

Flóki Ásgeirsson



Alþingi
Erindi nr. P 138/2370
komudagur 18.5.2070

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS – HÁSKÓLABÓKASAFN

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 17. maí 2010
Tilvísun: 200911-0032 / IS

Efni: Frumvarp til laga um breyting á höfundalögum (EES-reglur, takmarkanir á höfundarétti o.fl.)

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breyting á höfundalögum (EES-reglur, takmarkanir á höfundarétti o.fl.)

Endurskoðun höfundalaga er fagnað enda er það stefna bókasafna og bókavarðafélaga um allan heim að styrkja, auka og samræma undantekningar og takmarkanir á núgildandi höfundarétti í því skyni að veita aðgengi að upplýsingum og menningararfi og að hagnýta til þess upplýsingatækni.

Virðingarfyllst,


Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir
landsbókavörður

Fylgiskjöl: Umsögn frá landsbókaverði og framkvæmdaráði Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns

Efni: Frumvarp til laga um breyting á höfundalögum (EES-reglur, takmarkanir á höfundarétti o.fl.)

138. löggjafarþing 2009 – 2010, þingskjal 912 – 523. mál

Umsögn frá landsbókaverði og framkvæmdaráði Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns

17. maí 2010

Almennar athugasemdir:

Fagnað er endurskoðun íslenskra höfundalaga sem er löngu tímabær m.a. vegna gríðarlegra tæknibreytinga sem orðið hafa við gerð og miðlun efnis með stafrænum hætti. Það er stefna bókasafna og bókavaraðafélaga um heim allan að styrkja, auka og samræma undantekningar og takmarkanir á núgildandi höfundarétti og er þetta forgangsmál hjá IFLA (International Federation of Library Associations and Institutions). Tilgangurinn er að auka flæði upplýsinga og opna fyrir aðgang almennings að upplýsingum og þekkingu. Hins vegar er viðurkenndur réttur höfunda / réttihafa til umráða yfir verkum sínum og að þeir njóti afraksturs af birtingu, sölu og dreifingu þeirra.

Samræma þarf þessi sjónarmið / hagsmuni þannig að höfundaréttur spyrni ekki á móti tækni-breytingum eða hagnýtingu upplýsingatækni og komi þannig í veg fyrir aðgengi fólks að upplýsingum og menningararfi. Einnig þarf að gera bókasöfnum og sambærilegum stofnunum kleift að sinna hlutverki sínu án hindrana og aukakostnaðar.

Athugasemdir við einstakar greinar:

1. grein

Um 1. mgr.

Lýst er ánægju með 1. mgr. svo langt sem hún nær, enda auðveldar hún bókasöfnum og öðrum aðilum sem taldir eru upp að sinna hlutverki sínu. Benda má á að Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn hefur sett sér stefnu um að setja allt útgefið íslenskt efni í stafrænt form m.a. í öryggis- og varðveisluskyni. Einnig að safninu er ætlað að safna efni á stafrænu formi skv. lögum um skylduskil til safna og ljóst er að færa þarf slíkt efni í nýtt form og gera ný eintök eftir því sem tæknin breytist.

Um 2. mgr.

Tekið er fram að útlán á þeim eintökum sem gera má skv. 2.-4. tl. 1. mgr. nái ekki til stafrænna eintaka. Í skýringum með greininni segir að eingöngu megi lána út eintök í hliðrænu formi sem í flestum tilvikum séu ljósrit eða útprent. Hér er gerð athugasemd við að um óeðlilega hindrun er að ræða og ekki tekið tillit til tækniþróunar, því að efnið getur upphaflega verið stafrænt og heimilt að lána það út t.d. DVD diskar. Gera þarf greinarmun á því efni sem upprunalega er stafrænt og efni sem fært hefur verið á stafrænt form. Þá þarf

einnig að gera ráð fyrir annars konar útlánum en „yfir borð“ s.s. með tölvupósti eða á lokuðum vef.

Um 3. mgr.

Ekki er gerð athugasemd við þessa mgr.

2. grein

Gerð er athugasemd við að aðgangur sem tilgreindur er í 2. gr. sé bundinn við aðgang í rannsóknaskyni eða vegna náms. Það getur reynst söfnunum erfitt og íþyngjandi að ákvarða hvað sé nám og hvað sé rannsókn og getur ákvæðið orðið tilefni deilna. Því er lagt til að orðin „í rannsóknaskyni eða vegna náms“ falli brott. Einnig er vísað til jafnræðisreglu, því þarna er um augljósa mismunun að ræða.

3. grein

Ekki er gerð athugasemd við þessa grein.

4. grein

Lýst er ánægju með að rýmka ákvæði laganna, þannig að þau nái til allra sem ófærir eru um að nýta sér venjulegt prentað mál til lestrar. Þá er eðlilegra að taka fram að höfundar eigi rétt á sanngjörnum *greiðslum* en ekki bótum vegna útlána á hljóðupptökum af bókmenntaverkum í síðustu mgr. Þessar greiðslur ættu að koma úr Bókmenntasjóði eins og aðrar greiðslur ríkisins til höfunda vegna útlána efnis á bókasöfnum.

5.- 7. grein

Ákvæðin auðvelda bókasöfnum að nýta sér ákvæði skv. 1. gr.

8. grein

Ákvæðið auðveldar þeim sem þjónusta þá sem eru ófærir um að nýta sér venjulegt prentað mál til lestrar að sinna hlutverki sínu og er jákvætt.

9. grein

Lýst er ánægju með ákvæði 9. gr. um viðurkenningu samtaka sem gera heildarsamninga fyrir hönd rétthafa enda auðveldar slíkt alla samningagerð. Hvatt er til þess að hið fyrsta verði gerðir heildarsamningar eða heildarleyfi fyrir stafræna endurgerð og miðlun íslensks, útgefins efnis sem er í höfundarétti, þannig að íslenskt efni verði sýnilegra á veraldarvefnum og geti nýst öllum til hagsbóta.

10. – 13. gr.

Umfang VII kafla laganna um refsíákvæði, bætur, ákærureglur o.fl. eru áhyggjuefni. Draga má þá ályktun að staðið sé gegn tækniþróun og verið sé að verja hagsmuni í stað þess að hugsa hlutina upp á nýtt og ná samkomulagi um eðlilegar umgengnisreglur um það efni sem hér um ræðir.

Umfang höfundalaganna og flækjustig er einnig áhyggjuefni. Hinn almenni notandi á fullt í fangi með að skilja einstakar lagagreinar. Þær snerta daglegan veruleika velflestra og ótti og áhyggjur um að gera rangt hamlar gegn skynsamlegri og réttmætri notkun efnis sem fellur undir lögin.

Tilvísun á vef IFLA um höfundaréttarmál :

<http://www.ifla.org/en/publications/limitations-and-exceptions-to-copyright-and-neighbouring-rights-in-the-digital-environm>

12.5.2010

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/2218
komudagur 12.5.2010

Menntamálanefnd Alþingis

Myndstefi hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á höfundalögum nr. 72/1973 með áorðnum breytingum, þskj. 912 – 523. mál.
Stjórn Myndstefs gerir engar athugasemdir við hið framlagða frumvarp og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt á Alþingi.

Bestu kveðjur
F.h. Myndstefs
Kristín Magnúsdóttir
Hafnarstræti 16, p.o.box 1187
121 Reykjavík
s: 562 7711
www.myndstef.is

Reykjavík, 17. maí 2010

Alþingi
Erindi nr. P 138/2367
komudagur 18.5.2010



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

**Umsögn Rithöfundasambands Íslands um lagafrumvarp
523. höfundalög (EES-reglur, takmarkanir á eignarétti o.fl.), 138. löggjafarþing.**

Menntamálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Rithöfundasambands Íslands um fyrirbyggjandi frumvarp til laga um breyting á höfundalögum nr. 73/1972, með áorðnum breytingum.

Nokkrar athugasemdir um takmarkanir höfundaréttar:

Frumbirting höfundaréttarverndaðs verks að vilja eða með samþykki höfundar leiðir til þess að eftir birtingu þarf höfundur að þola ýmis konar takmarkanir á einkarétti sínum til eintakagerðar. Ýmsir þjóðfélagslegir hagsmunir eru tengdir því að aðilar, aðrir en höfundar, geti hagnýtt sér verk sem er háð einkarétti höfundar til eintakagerðar. Þeir hagsmunir eru, við vissar aðstæður, taldir vega svo þungt að rétt sé að takmarka einkarétt höfunda til eintakagerðar. Ætíð er þó mikilvægt að vega og meta alla þá hagsmuni sem í húfi eru, enda fela heimildir annarra en höfundar til eintakagerðar í sér skerðingu á eignarétti hans.

Brýnt er að halda það almenna sjónarmiði í heiðri, sem höfundar frumvarpsins hafa tekið mið af við gerð frumvarpsins, að reglur um eintakagerð annarra en höfunda fela í sér undantekningu frá meginreglunni um einkarétt höfunda til eintakagerðar. Mikilvægt er að heimildir sem ákvæðin veita séu túlkaðar með þröngum hætti og að sem minnstur vafi geti risið við túlkun ákvæðanna. Orðalag undantekningarheimildanna verður að vera afar skýrt orðað og ber að gæta þess að orðalag ákvæða veiti ekki færi á rúmri túlkun.

Rithöfundasambandið er sammála því að takmarkanir á höfundarréttindi þurfa að sæta breytingum í takt við þá þróun sem á sér stað í upplýsingasamfélaginu og er tímabært að endurskoða þær reglur sem gilda um eintakagerð verka og þá sér í lagi af stafrænum toga, eins og gert er í 1.-2. gr. frumvarpsins. Vert er þó að benda á mikilvægi þess að þar til gerður tæknibúnaður sem nýttur verður við notkun eintaka samkvæmt ákvæði 1. gr. frumvarpsins þjóði ekki upp á möguleika til fjölföldunar stafrænna eintaka af verkum sem njóta höfundaréttarverndar.

Um 1. gr. frumvarpsins:

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir því að ákveðnum stofnunum, sé heimiluð tiltekin eintakagerð í sérstökum tilgangi. Slík eintakagerð felur í sér takmörkun á einkarétti höfunda til eintakagerðar af verkum sínum.

Rithöfundasambandið vill koma á framfæri tveimur minniháttar athugasemdum við ákvæðið:

1. Í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er ekki tekið fram til hvers konar eintakagerðar ákvæði 1. gr. tekur, en hins vegar segir í athugasemdum með frumvarpinu að ákvæðið taki jafnt til hliðrænnar og stafrænnar eintakagerðar og að eintakagerð skuli að meginstefnu vera á


sama formi og frumrit nema sérstakar aðstæður komi til. Tillaga Rithöfundasambandsins er sú að aftan við ákvæði 1. mgr. 1. gr. líkt og það er orðað nú, kæmi svohljóðandi viðbót: „Eintakagerð skal að meginstefnu vera á sama formi og frumrit nema sérstakar aðstæður komi til.“

2. Ákvæði 2. másl. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er svohljóðandi:
„Söfnum er þó heimil útlán á eintökum sem afrituð hafa verið skv. 2.-4. tölul. 1. mgr.“


Í athugasemdum með frumvarpinu er tekið fram að miðað sé við að slíkt yrði aðeins gert í sérstökum tilvikum. Rithöfundasambandið telur ástæðu til þess að leggja til minniháttar breytingu á framangreindum máslíð frumvarpsins þannig að tekið verði upp í frumvarpið að einvörðungu í sérstökum tilvikum sé slíkt útlán veitt. Með þeirri breytingu verður því með skýrari hætti komið til skila hve þröngar undantekningar frá einkarétti höfundar er um að ræða í 1. gr. frumvarpsins. Þá væri hugsanlega helst um að ræða þau tilvik þar sem efnið er nýtt í þágu rannsóknar eða annað af sambærilegum toga. Lagt er til að ákvæði 2. másl. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:
„Í sérstökum tilvikum er söfnum heimil útlán á eintökum sem afrituð hafa verið skv. 2.-4. tölul. 1. mgr.“

Að öðru leyti telur Rithöfundasambandið ekki tilefni til athugasemda við þær breytingar á gildandi höfundalögum og þau nýmæli við þau sem ákvæði frumvarpsins hafa í för með sér.

Fyrir hönd Rithöfundasambands Íslands,



Arnar Þór Jónsson/hdl.



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. menntamálanefndar

Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 31.05.2010

Lýkill: 401.SA
Alþingi
Alþingi

*Erindi nr. P 138/2624
komudagur 1.6.2010*

Efni: Frumvarp um breytingu á höfundalögum - 523. mál

Frumvarpið barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar með tölvupósti nefndasviðs Alþingis þann 5. maí sl.

Með frumvarpinu eru lagðar til margvíslegar breytingar á höfundalögum. Er þar um að ræða fyrsta áfanga í heildarendurskoðun laganna, en gert mun ráð fyrir að hún fari fram á næstu þremur árum í jafnmörgum áföngum. Stefnt er að því að endurskoðuninni ljúki með heildarfrumvarpi árið 2012.

Þau efnisatriði sem nú eru undir í endurskoðunarvinnunni snerta hlutverk sveitarfélaganna, einkum að því er varðar heimildir almenningsbókasafna og opinberra skjalasafna. Eru gerðar tillögur þar að lútandi í 1. og 2. gr. frv. Einnig telur sambandið þörf á að skýra frekar gildissvið 10. og 12. gr. frumvarpsins. Þær greinar geta haft áhrif á rekstur félagsheimila og samkomusala í eigu sveitarfélaga og hugsanlega bakað þeim skaðabótaábyrgð vegna meintra brota á höfundalögum.

Um 1. gr. frv. – heimildir til eintakagerðar í sérstökum tilgangi

Lagt er til að lögfestar verði heimildir til handa ákveðnum stofnunum til þess að gera eintök af safnkosti í sérstökum tilgangi, m.a. í öryggis- og varðveisluskyni. Áskilið er að eintökin séu einungis til notkunar í starfsemi safnanna og að eintakagerðin fari ekki fram í fjárhagslegum tilgangi. Söfnum eru þó heimil útlán á eintökum sem gerð hafa verið á grundvelli umræddrar heimildar.

Ljóst er að heimildir af þessum toga eru mikilvægar m.a. til þess að almenningsbókasöfn geti veitt notendum sínum sem besta þjónustu. Vakning er að verða í samfélaginu um hlutverk almenningsbókasafna og vilji til þess meðal safnafólks að svara slíkum væntingum. Áriðandi er þá að ekki séu eyður í þeim safnkosti sem eðlilegt er að söfnin geymi. Er t.d. bagalegt að veigamikil verk útgefin hér á landi verði óaðgengileg á safninu vegna þess að eintök ganga úr sér og ekki er hægt að endurnýja þau sökum þess að eintök eru uppseld og ófánleg hjá útgefanda eða á almennum markaði.

Sambandið fagnar tillögum sem miða að því að almenningsbókasöfn geti fyllt upp í eyður sem myndast, en telur það viðmið of strangt sem kemur fram í 3. tölu. 1. mgr. 1. gr. frv. að heimildin nái einungis til gerðar eintaka af verkum sem safni er lögskilt að eiga eintak af. Þessi viðmið mega vera víðari t.d. þannig að þegar síðasta eintak safns úreldist eða glatast megi gera eintak, enda sé um að ræða verk sem telja verði að hafi þýðingu til þess að safnið



geti gegnt lögákveðnu hlutverki sínu. Um það hvernig slíku viðmiði yrði beitt í framkvæmd, má m.a. vísa til 1. gr. núg. laga um almenningubókasöfn, nr. 36/1997, þar sem segir að markmið almenningubókasafna sé að efla íslenska tungu, stuðla að símenntun og örva lestraráhuga, auk þess að vera menningarstarfi til styrktar. Af slíkum sjónarmiðum má t.d. leiða að helstu meginverk í íslenskri menningarsögu eigi jafnan að vera aðgengileg á öllum almenningubókasöfnum landsins. Einnig verður að hafa í huga í þessu sambandi að lög um almenningubókasöfn eru nú til endurskoðunar.

Af hálfu sambandsins er einnig bent á, að samkvæmt 4. gr. laga um almenningubókasöfn, er sveitarfélögum heimilt að sameina almenningubókasafn og bókasafn grunnskóla. Þessi heimild mun hafa verið nýtt í nokkrum mæli, einkum í smærri sveitarfélögum. Er eðlilegt að sá hluti í sameiginlegu safni sem snýr að almenningi geti nýtt sér rými heimildir verði frv. að lögum, enda þótt eðlilegar skorður verði áfram reistar við því að skólar fjölfaldi námsefni umfram þær heimildir sem um það gilda.

Um 2. gr. frv. – aðgangur að birtum verkum á athafnasvæði safna

Sambandið styður að þessi tillaga nái fram að ganga, enda er hér um eðlilega þróun að ræða í starfsemi safna.

Önnur atriði

Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir við 10. og 12. gr. frv., en þar er lagðar til breytingar á þeim ákvæðum núgildandi laga sem snúa að ábyrgð á brotum á höfundarétti (54. og 56. gr. höfundalaga nr. 73/1972).

Sveitarfélög reka velflest félagsheimili og aðra samkomustaði, sem eru sjálfsgæddur vettvangur fyrir margvíslegt menningarstarf, ekki síst tónlistarflutning. Engar samræmdar reglur eru til um afnot flytjenda af þessari aðstöðu, en algengt mun að þessi afnot séu látin í té af hlutaðeigandi sveitarfélagi, endurgjaldslaust eða með mjög hóflegu endurgjaldi sem einungis endurspeglar útlagðan kostnað. Viðtakandi mun einnig oft taka að sér umsjón með aðstöðunni og ber ábyrgð á þrifum, húsvörslu og öðrum slíkum atriðum.

Telja verður að þessi háttur sé í fyllsta máta eðlilegur og í samræmi t.d. við það þegar kirkjur og aðrar opinberar stofnanir eru vettvangur fyrir listflutning.

Það kemur hins vegar á óvart, að samtök rétthafa hafa í ýmsum tilvikum beint fjárkröfum að sveitarfélögum vegna viðburða í félagsheimilum og samkomuhúsum. Á sama tíma verður ekki annað séð en að kirkjum og öðrum opinberum aðilum sé sleppt við slíkar kröfur.

Kröfugerð samtakanna (hér er einkum um að ræða samband tónskálda og eigenda flutningsréttar tónlistar, STEF) byggist á því að þeir aðilar sem láta í té húsnæði til samkomuhalds, þar á meðal til tónleikahalds, beri ábyrgð á greiðslu gjalda vegna flutningsins. Virðast forsvarsmenn samtakanna telja að greiðslukrafa á hendur sveitarfélögum teljist lögvarin, þar sem sveitarfélagið eigi aðild að meintu broti sem framið hafi verið á höfundalögum, með því að heimildar sé ekki aflað hjá höfundi til þess að flytja verk hans opinberlega. Fram kemur í gögnum frá STEF að þáttur



„hússins“ sé hlutdeild í refsiverðu broti á rétti höfundar og að þar komi til ákvæði 22. gr. almennra hegningarlaga.

Sambandinu er kunnugt um að sveitarfélög hafi andmælt þessum skilningi samtaka réttihafa, en til þessa hafa hvorki ráðuneyti né dómstólar úrskurðað um greiðsluskyldu þeirra sem einungis láta þriðja aðila í té aðstöðu til samkomuhalds.

Í ljósi þessara atriða hljóta tillögur til breytinga á reglum höfundalaga um refsi- og bótaábyrgð að vera nokkurt umhugsunarefni fyrir sveitarfélög, kirkjur og aðra aðila sem láta í té aðstöðu fyrir samkomur og menningarviðburði. Í því sambandi virðist nokkuð ljóst, enda þótt hvergi sé vikið að því berum orðum í greinargerð og athugasemdum með frumvarpinu, að tilgangur umræddra breytinga sé m.a. að undirbyggja kröfur samtaka réttihafa um greiðsluskyldu eigenda húsnæðis. Er þá horft til þess að mælt er fyrir um hlutdeildarábyrgð í 10. gr. frv. og í athugasemd vísað til þess að minni háttar gáleysi dugi til þess að bótaábyrgð stofnist fyrir hlutdeild, sbr. breytt bótaákvæði 12. gr. frv., en í þeirri grein segir: „**Þótt brotið sé framið í góðri trú** er heimilt að ákveða þeim sem orðið hefur fyrir tjóni bætur úr hendi hins brotlega.“

Sambandið telur óeðlilegt ef tillögur skv. frumvarpinu ná fram að ganga og leiða til þess að greiðsluskylda stofnist fyrir sveitarfélög vegna samkoma í félagsheimilum og öðru húsnæði á vegum þeirra. Er þess farið á leit við menntamálanefnd að tryggt verði að það gerist ekki, t.d. með því að tvinna við 1. mgr. 12. gr. frv. eftirfarandi: „Sveitarfélög, kirkjur og aðrir opinberir aðilar bera ekki ábyrgð á greiðslu bóta ef þátttaka þeirra í broti felst í því einu að láta aðstöðu í té fyrir samkomur eða listflutning.“

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs

523. mál. um höfundarrétt til umsagnar.

Fundur haldinn fimmtudaginn 3. júní nk. kl. 18:20-18:40 í húsnæði nefndasviðs Alþingis, Austurstræti 8-10, 2. hæð. Inngangur er Austurvallarmegin.

- Samband íslenskra myndlistarmanna gerir ekki athugasemdir við frumvarpið, enda engar veigamiklar breytingar sem snúa að myndlistarmönnum í því.
- Við viljum samt sjá frekari breytingar á lögnum svo hægt sé að koma í veg fyrir þann leka sem nú er, þar sem fylgiréttargjald er innheimt af Galleríum við endursölu myndverka, en fjármagnið og skilagreinar hafa skilað sér illa eða alls ekki til Myndstefs á undanförunum árum.
- Skilaréttargjald við endursölu myndverka var hugsað sem lífeyrissjóður fyrir myndlistamenn og þeir hafa orðið af tugum milljóna á s.l. árum vegna þessa. Dæmi er um að eitt fyrirtæki skuldi yfir 20 milljónir – sem er veruleg kjaraskerðing fyrir myndhöfunda. Fylgiréttargjald er 10% af endursöluverði myndverks upp að verðgildi € 3000 og fer síðan stíglækkandi.
- Vil óskum eftir að nefnd um höfundarréttarlög finni varanlegar lausnir á því hvernig hægt sé að koma í veg fyrir að fyrirtæki skili ekki fylgiréttargjaldinu. Viðkomandi fyrirtæki hafa verið kærð frá hendi Myndstefs, en kennitölufلاك og/eða hrein lögbrot hafa komið í veg fyrir að hægt væri að innheimta skilagjaldið. Hvernig stendur á því að það sé hægt – varla kæmust sömu fyrirtæki upp með að skila ekki virðisaukaskatti?
- Ein hugmynd myndlistarmanna er að á hverju uppboði verði einfaldlega fastur fulltrúi Myndstefs sem myndi taka á móti skilagjaldinu milliliðalaust.

Fyrir hönd SÍM



Hrafnhildur Sigurðardóttir
Sambands íslenskra myndlistarmanna
Hafnarstræti 16
IS - 101 Reykjavík

s. 551 1346
hrafnhildur@sim.is
www.sim.is / www.umm.is

Alþingi
Erindi nr. P 138/2610
komudagur 31.5. 2010

28.5.2010

Menntamálanefnd

SÍM - Sambandi íslenskra myndlistarmanna hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á höfundalögum nr. 72/1973 með áorðnum breytingum , þskj. 912 – 523. mál.

Stjórn SÍM gerir engar athugasemdir við hið framlagða frumvarp og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt á Alþingi.

Með kveðju

Ingibjörg Gunnlaugsdóttir
framkvæmdastjóri

Samband íslenskra myndlistarmanna

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. maí 2010

Stjórn Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEFs) hefur fjallað um frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum nr. 73/1972, 523. mál (EES-reglur, takmarkanir á höfundarétti o.fl.), að beiðni menntamálanefndar Alþingis.

Leggur stjórn STEFs eindregið til við hið háa Alþingi að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, enda mun það, ef að lögum verður, treysta réttarstöðu tónskálda og textahöfunda, m.a. við að halda fram rétti sínum gegn þeim sem gerst hafa brotlegir við ákvæði höfundalaga.

Vörðuganfylst,



Eiríkur Tómasson,
frankvæmdastjóri

Menntamálanefnd Alþingis

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum. (Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010.)

Reykjavík 17. maí 2010

Upplýsing – félag bókasafns og upplýsingafræða hefur fengið í hendur frumvarp til laga um breytingar á höfundalögum Þskj. 912 – 523. mál.

Innan Upplýsingar hefur **starfshópur um höfundarétt** haft það hlutverk að fylgjast með innleiðingu tilskipana Evrópusambandsins í lög Íslands og annarra Evrópulanda og breytingum á íslensku höfundalögunum. Í hópnum eru fulltrúar hinna ýmsu tegunda bókasafna, þ.e. háskólabókasafna, almenningsbókasafna, sérfræðibókasafna og skólabókasafna. Hópurinn veitir því fúslega umsögn um frumvarpið f.h. Upplýsingar. Í umsögninni verður fjallað um þau atriði frumvarpsins sem snerta bókasöfn, bæði beint og óbeint.

Hlutverk bókasafna er skilgreint í lögum um almenningsbókasöfn og í lögum um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og í lögum um Blindrabókasafn Íslands. Í aðalatriðum er það **tvíþætt**, þ.e. **varðveisluhlutverk og miðlunarhlutverk**. Við leggjum áherslu á að ákvæði í höfundalögum hindri ekki söfnin í að sinna þessum hlutverkum.

Við fögnum þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru á undantekningarákvæðum í 12., 15. og 19. greinum laganna til hagsbóta fyrir bókasöfnin og teljum að þær geri bókasöfnunum mun auðveldara fyrir að sinna hlutverkum sínum lögum samkvæmt. Við gerum þó eftirfarandi athugasemdir við þær:

Í **1. gr. um 12. gr. 4.** eru heimiluð útlán á eintökum sem afrituð hafa verið samkvæmt 2.-4. tölul. 1. mgr. en í athugasemd við þá grein er tekið fram að þau taki ekki til stafrænna eintaka. Eintökin sem vísað er til gætu þó eins verið upphaflega á stafrænu formi, t.d. stafrænar hljóðbækur sem lögum samkvæmt er annars heimilt að lána út. Einnig viljum við benda á að eintakagerð skv. 3. og 4. tölul., á efni af eldri og í sumum tilfellum úreltum miðlum t.d. hljóðsnældum eða filmum væri óskynsamlegt að gera öðruvísi en stafrænt og lána út á því formi enda er þetta ekki bannað í lagagreininni sjálfri.

Í **2. gr um 12. gr. a** er „heimilt að veita einstaklingum aðgang í rannsóknarskyni eða vegna náms að birtum verkum á þar til gerðum búnaði...“

Við teljum óþarft að skilgreina í hvaða tilgangi aðgangurinn er veittur og leggjum til að klausan „í rannsóknarskyni eða vegna náms“ verði felld niður. Sambærileg klausa í dönsku höfundalögunum er „til personligt gennemsyn eller studium på stedet ...“

Í **19. gr.** er tekið fram að höfundar eigi rétt á sanngjörnum bótum vegna hljóðupptöku af bókmenntaverkum sem gerð er til þess að þeir sem ekki geta nýtt sér prentað mál til lestrar geti lesið þau.

Við teljum æskilegt að þessar bætur kæmu beint frá ríkinu en ekki af fjárveitingu Blindrabókasafns Íslands. Ekkert annað bókasafn á Íslandi þarf að greiða sérstaklega fyrir að að auðvelda notendum sínum sjálfsagt aðgengi að lesefni. Við leggjum því til að bætt verði við ákvæði sem felur þetta í sér, t.d. um að þessar bætur komi úr Bókmenntasjóði.

Í lögum um Bókmenntasjóð eru ákvæði um greiðslur ríkisins til höfunda fyrir útlán bóka þeirra á bókasöfnum en í lögum um Blindrabókasafn Íslands eru ákvæði um samninga um greiðslur þess til Rithöfundasambands Íslands.

Blindrabókasafninu er gert að greiða Rithöfundasambandinu ákveðið gjald á hvert eintak sem hljóðritað er og dreift, auk afnotagjalds en ber að auki ærinn kostnað af því að framleiða eintökin. Við teljum að þessi gjöld geti valdið misrétti gagnvart notendum safnsins, þar sem Blindrabókasafnið þarf að horfa í kostnað vegna eintakafjölda sem framleiddur er og afnotagjalda af takmarkaðri fjárveitingu.

10. – 13. gr.

Við gerum ekki formlegar athugasemdir við þessar greinar en vörum við því að of ströng refsíákvæði, t.d. um hlutdeild í höfundarréttarbrotum gætu komið niður á þeim sem vegna gáleysis og vanþekkingar á höfundalögunum fremja brot gegn þeim.

Bókaverðir verða ápreifanlega varir við að ákvæði í höfundalögum hafa ekki fylgt tækninýjungum nægilega hratt og hafa orðið æ flóknari vegna ákvæða um stafræna efnið. Þetta hefur orðið til þess að fólk á æ erfiðara með að gera sér grein fyrir hvað er leyfilegt og hvað ekki.

Við teljum vafasamt að strangari refsíákvæði verði til þess að fækka brotum á netinu og að mildari leiðir til að umbuna rétt höfum fyrir afnot verka sinna myndu skila betri árangri. Í því sambandi má nefna þá hugmynd að netþjónustufyrirtæki innheimti gjöld sem renni til rétthafa.

Samtök bókavarda og bókasafna víða um heim hafa lýst áhyggjum sínum vegna hættu á því að bókasöfn og notendur þeirra geti orðið fyrir lögsóknnum vegna meintra höfundalagabrota. Af því tilefni hafa Alþjóðasamtök bókavarda IFLA ályktað um að höfundalög ættu að innihalda verndarákvæði fyrir bókasöfn og starfsfólk þeirra sem breytir í góðri trú og hefur ástæðu til að ætla að það hafi farið að höfundalögum.¹

Virðingarfyllst,

Starfshópur um höfundarétt á vegum Upplýsingar, félags bókasafns- og upplýsingafræða

Ólöf Benediktsdóttir, Stofnun Árna Magnússonar, tilnefnd af Upplýsingu
Áslaug Agnarsdóttir, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, tilnefnd af Lbs-Hbs
Sigurður J. Vigfússon, Borgarbókasafni, tilnefndur af Samtökum forstöðumanna í almenningubókasöfnum
Þórhildur S. Sigurðardóttir, Bókasafni Menntavísindasviðs H.Í., tilnefnd af háskólabókasöfnum
Þórunn Snorradóttir, Fjölbrotaskólanum í Breiðholti, tilnefnd af bókasöfnum í framhaldsskólum.

IFLA viðmiðin:

- Bókasöfn ættu að mega gera eintök af útgefnum og óútgefnum verkum til varðveislu og flytja þau á annað form í þeim tilgangi.
- Skylduskil ættu að ná yfir hugverk á öllu formi og tryggja varðveislu þeirra.
- Bókasöfn ættu að geta sent notendum verk í millisafnalánum, beint eða með milligöngu annars safns óháð formi og samskiptamiðli.
- Bókasöfn og menntastofnanir ættu að geta veitt aðgang að hugverkum vegna (fjar)kennslu svo framarlega sem ekki sé gengið á rétt höfundar eða rétthafa.
- Eintakagerð vegna rannsókna eða til einkanota ætti að vera leyfileg.
- Það ætti að vera leyfilegt að flytja efni af einu formi á annað til að tryggja aðgengi fyrir fatlaða á þann hátt sem hentar hverjum og einum. Leyfa ætti miðlun þessa efnis milli landa til að draga úr kostnaði og auka fjölbreytni.
- Samngjörn notkun hugverka ætti að vera leyfileg í ýmsum tilgangi, svo sem vegna náms, rannsókna, gagnrýni o.þ.h.
- Höfundarlaus (orphan) verk þarf að setja undantekningarákvæði um svo hægt sé að varðveita þau eins og önnur og ekki komi til lögsókna vegna þeirra.
- Höfundaréttur ætti aðeins að gilda í 50 ár eftir lát höfundar.
- Bókasöfn ættu að geta sniðgengið tæknilegar aðgangshindranir án þess að gengið sé á rétt höfundar.
- Samningar eða nytjaleyfi ættu ekki að takmarka undantekningarákvæði í höfundalögum eða endurskilgreina þau.
- Setja ætti ákvæði til að vernda bókasöfn og starfsfólk bókasafna gegn lögsóknum ef það breytir í góðri trú og telur að farið sé að höfundalögum.

Alþingi
Erindi nr. P 138/2365
komudagur 18.5.2010



VIÐSKIPTARÁÐ
ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
b/t Unnar Kristínar Sveinbjarnardóttur
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. maí 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með áorðnum breytingum. (523. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur meðal annars í sér innleiðingu EES-reglna.

Viðskiptaráð gerir ekki athugasemdir við ofangreint frumvarp.

Virðingarfyllt,

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands



Þjóðskjalasafn Íslands
National Archives of Iceland

Alþingi
Erindi nr. P 138/2553
komudagur 26.S. 2010

Reykjavík 21. maí 2010

Nefndasvið Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík


Umsögn um höfundalög - 523. mál

Þjóðskjalasafn Íslands hefur að beiðni menntamálanefndar kynnt sér frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum, 523. mál. Eftirfarandi er nokkrar athugasemdir eða vangaveltur við frumvarpið eins og það liggur fyrir. En fagnað er að endurskoðun laga þessara standi fyrir dyrum.

Við 1. gr. (12.gr.) er gerð þessi sú athugasemd hvort ekki ætti að vera hér málsgrein sem geti þess að greinin gildi ekki um skjöl og annað efni sem opinber skjalasöfn fá til sín á grundvelli skilaskyldu. Og gildi ekki um einkaskjöl og annað efni sem berst til þeirra og trúnaði hefur verið létt af eða að aðgangur er ekki takmarkaður að af þeim sem afhenti. Eða má líta svo á að höfundalög gildi ekki um opinber skilaskyld gögn yfirleitt?

Þá er varpað fram þeirri spurningu hvort ekki sé rétt að geta þess í lögum þessum að söfn sem birta gögn, sem þau varðveita, á vef sínum teljist höfundar af því efni og þeirri framsetningu, þótt að upplýsingarnar séu í frumritum öllum opin og til frjálsra afnota. Afnot þessa efni sé frjálst til einkanota en ekki til frekari miðlunar eða dreifingar án leyfis viðkomandi safns. Það er ljóst að á komandi árum munu söfn auka miðlun á því efni sem þau varðveita og það geta verið talsverðir hagsmunir að það efni sé varið þar sem það er.

Þá má nefna að ákvæði laga um einstök söfn geta um afnotarétt og aðgangsheimildir að safnkosti þeirra, hvort sem tilefni er nú til þess að það komi fram í lögum þessum. Sérstök lög gilda t.d. um Þjóðskjalasafn Íslands og þar með öll gögn stjórnsýslu íslenska ríkisins. Þau eru nú í endurskoðun.


Þjóðskjalavörður